

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 30. mars 2007 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-9/2007:

I

Kröfugerð, málavextir og niðurstaða

Hinn 14. febrúar sl. bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa um álit vegna þess að Y krafði hann um greiðslu á reikningi fyrir bílskúrshurðaropnara og uppsetningu hans. Álitsbeiðandi krefst þess að kröfur Y falli niður.

Í gögnum málsins kemur fram að álitsbeiðandi keypti raðhús 18. júní 2002 af Y og átti hann að skila húsinu fullbúnu án gólfefna. Óumdeilt er að kaupin náðu til þess að bílskúrshurðina átti að vera hægt að opna með svokölluðum bílskúrshurðaropnara. Um er að ræða rafdrifinn búnað sem hægt er að stjórna með fjarstýringu. Álitsbeiðandi segir þennan búnað hafa bilað nokkrum mánuðum eftir að húsið var afhent. Hann hafi verið gallaður. Seljandi hafi skipt um búnaðinn sem falið hafi í sér viðurkenningu á gallanum. Seljandinn krefjist hins vegar greiðslu fyrir nýja búnaðinn sem hann eigi ekki rétt á. Því er mótmælt af hálfu seljandans, Y.

Það er ljóst að ágreiningur aðila á rót sína að rekja til kaupa álitsbeiðanda á húsinu sem gerð voru með kaupsamningi 18. júní 2002 milli hans og Y. Af því leiðir að um kaupin og réttarverkanir þeirra giltu á sínum tíma lög nr. 39/1922 eftir því sem við gat átt, en um fasteignakaup gilda nú lög nr. 40/2002.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup. Greini aðila að kaupum samkvæmt lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup, lögum nr. 42/2000 um þjónustukaup eða lögum nr. 48/2003 um neytendakaup um réttindi sín og skyldur samkvæmt framangreindum lögum geta þeir snúið sér til kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa og óskað eftir álitsgerð nefndarinnar um ágreiningsefnið. Ágreiningur sem fellur undir lög nr. 39/1922, sbr. nú lög nr. 40/2002 um fasteignakaup, fellur því utan valdsviðs nefndarinnar.

Niðurstaða kærunefndarinnar er því sú að samkvæmt framansögðu og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa ber að vísa beiðni X frá nefndinni.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

